



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 25. nóvember 2020

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar, 42. mál

Samtök mjólkur og kjötvinnslufyrirtækja og Samtök iðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“) fengu þingsályktunartillögu um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar, 42. mál, til umsagnar. Með tillögunni er farið fram á að Alþingi álykti að fela forsætisráðherra að hrinda aðgerðaráætlun, í samstarfi við bændur sem er í 24 liðum, í framkvæmd.

Samtökin taka undir þau sjónarmið sem sett eru fram í þeim aðgerðum sem tilgreindar eru í þingsályktunartillögunni. Mikil tækifæri blasa við íslenskri matvælaframleiðslu á næstu árum og áratugum. Mikilvægt er að stefnumörkun stjórnvalda endurspegli þessi tækifæri, allri virðisbætur matvælaframleiðslunnar til hagsbótar og þjóðinni til heilla.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er tekið fram að meðal markmiða tillögunnar sé meðal annars að tryggja matvæla- og fæðuöryggi, auka sjálfbærni og umhverfisvernd og efla rannsóknir og menntun í landbúnaði. Samtökin benda á að krafan um sjálfbæra nýtingu auðlinda fer hratt vaxandi. Ekki er ásættanlegt að gegnið sé á auðlindir með þeim hætti að komandi kynslóðir fái ekki notið þeirra með sambærilegum hætti og núlifandi kynslóðir. Tryggja þarf að umhverfi matvælaframleiðslu á Íslandi sé ómengað og að hreinleiki aðfanga sé tryggður. Jafnframt þurfa allir framleiðsluferlar að standast kröfur um öryggi. Þannig verða matvæli hér á landi hrein og örugg til neyslu. Íslenskur landbúnaður er þekktur fyrir hreinleika og sjálfbærni. Lega landsins og veðurfar valda því að notkun varnarefna í landbúnaði er lítil sem engin. Þá hefur einangrun búfjárstofna í för með sér að búfjárheilsa er hér með því besta sem þekkist og sýklalyfjanotkun hverfandi miðað við það sem víðast er.

Árið 2018 sameinuðust Íslenskir matvælaframleiðendur í stefnu að verða framúrskarandi á heimsvísu með sérstakri áherslu á sjálfbærni, umhverfisvernd, hreinleika, rekjanleika og öryggi að leiðarljósi. Í þeirri stefnu var lögð áhersla á að gæðakerfi og innra eftirlit matvælafyrirtækja, jafnt innleindra framleiðenda sem innflutningsfyrirtækja, þyrftu að sýna fram á að fyrirtækin störfuðu í samræmi við þessar áherslur. Í því samhengi var einnig lögð áhersla á að innflutt matvæli þyrftu að uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til innleindra matvælafyrirtækja. Skorað var á að íslensk stjórnvöld styddu við framgang þessara stefnumiða og myndu sjá til þess að íslenskir neytendur og gestir landsins hafi ávallt aðgang að fjölbreyttum og heilnæmum úrvals matvælum.


Að baki þessari stefnu matvælaframleiðenda standa fjögur samtök; Samtök iðnaðarins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök ferðaþjónustunnar og Bændasamtök Íslands. Í samræmi við sjónarmið þessara fjögurra samtaka var skipað af sjávarútveg- og landbúnaðarráðuneyti verkefnastjórn um mótun matvælastefnu. Við þá vinnu bar verkefnastjórn að hafa eftirfarandi þætti að leiðarljósi:

- Stuðla að sjálfbærri matvælaframleiðslu í gegnum virðiskeðjuna
- Bætt aðgengi að hollum matvælum með áherslu á lýðheilsu
- Nýsköpun, vöruþróun og virðissköpun í virðiskeðjunni
- Uppruna matvæla, merkingar og matvæla öryggi
- Aðgengi að upplýsingum og gegnsæi
- Mikilvægi þess að draga úr matarsóun
- Samkeppnishæfni á alþjóðlegum markaði

Í kjölfarið var síðar skipuð sérstök ráðherranefnd til að fjalla um matvælastefnu Íslands undir forystu forsætisráðherra. Ástæða þess að skipuð var sérstök ráðherranefnd var sú að málefnið varðaði mörg ráðuneyti og að samræma ætti stefnumörkun stjórnvalda og leggja frekari áherslu á landbúnaðar- og sjávarútvegsmál, umhverfis- og auðlindarmál, byggðamál, neytendamál, nýsköpunarmál, ferðamál, matvælaöryggi og fæðuöryggi og lýðheilsu og heilbrigðismál. Þá er vert að nefna að í september sl. skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verkefnastjórn um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland sem samvinnuverkefni stjórnvalda, bænda, neytenda og atvinnulífs.

Samtökin telja rétt að atvinnuveganefnd feli framangreindum verkefnastjórnnum um gerð matvæla- og landbúnaðarstefnu fyrir Ísland að taka þá þætti til skoðunar sem tilgreindir eru í fyrirliggjandi þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja



Steinþór Skúlason, formaður

f.h. Samtaka iðnaðarins



Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á framleiðsluviði